

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar, munaðarlaus verk).

Umsögn frá starfshópi Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða um höfundarétt.

Reykjavík 30. nóvember 2015

Innan Upplýsingar hefur starfshópur um höfundarétt haft það hlutverk að fylgjast með innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins í lög Íslands og annarra Evrópulanda og breytingum á íslensku höfundalögum. Í hópnum eru fulltrúar hinna ýmsu tegunda bókasafna, þ.e. háskólabókasafna, almenningsbókasafna, sérfræðibókasafna og skólabókasafna. Upplýsing hefur yfirleitt fengið til umsagnar frumvörp sem varða höfundalög en af einhverjum ástæðum var sú ekki raunin núna. Við höfðum því takmarkaðan tíma til að kynna okkur frumvarpið og því er umsögn okkar styttri en hún hefði ella orðið.

Við teljum að frumvarpið eigi ekki eftir að hafa sérstaklega mikil áhrif á Íslandi. Þó eru undantekningar eins og þegar kemur að ljósmyndum sem hafa oft illrekjanlegan bakgrunn.

1. gr. a Við gerum athugasemd við hugtakið myndrit. Í raun væri upptalning betri heldur en ógagnsætt hugtak. Í greininni er talað um "lögbært" stjórnvald sem verði einhver miðstöð skráningar og upplýsinga um munaðarlaus verk.

1. gr. e Við bendum á að torvelt getur verið fyrir allar þær stofnanir sem taldar eru upp í 2. gr. að tryggja að leitinn taki til þeirra heimilda sem upp eru taldar í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB. og ítrekum nauðsyn þess að skilgreina betur hið lögbæra stjórnvald og hlutverk þess. Slíkum verkefnum fylgir kostnaður sem löggjafinn (og framkvæmdarvaldið þarf að vera meðvitaður um. Mögulega gæti Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tekið að sér umrædd verkefni.

Fyrir hönd starfshóps Upplýsingar um höfundarétt,

Óli Gneisti Sóleyjarson